

# MEÐGANGA EFTIR 35 ÁRA ALDUR

## ICD greiningar:

**Z35.9 Eftirlit með áhættusamri þungun, ótilgreindri**

**Z35.5 Eftirlit með fullorðinni frumbyrju**

Rannsóknir hafa sýnt að áhætta á meðgöngusjúkdómum og vandamálum tengt fæðingu eykst með hækkandi aldri og ef þungun er með gjafaeggi er það viðbótaráhætta. Meiri líkur eru á því að konur yfir 35 ára aldri hafi sjúkdóma eða heilsufarsvanda sem geta haft þýðingu á meðgöngu.

Því er mikilvægt að hafa ákveðna þætti í huga við mæðravernd þessara kvenna.

Auknar líkur eru m.a. á:

- Háþrýstingssjúkdómi/pre-eclampsíu.
- Sykursýki
- Blóðsega
- Vaxtarskerðingu
- Fyrirburafæðingu

## MÆÐRAVERND

Viðbótarskoðanir hjá fjölbyrjum  $\geq 35$  ára við 25 vikur, 31 viku og 40 vikur til þess að skima fyrir háþrýstingi/pre-eclampsíu (BP mæling og þvagstix).

- Skima fyrir sykursýki hjá þeim sem eru  $\geq 35$  ára með sykurpolsprófi við 24-28 vikna meðgöngu
- Meta þörf á blóðasegavörn fyrir þær sem eru  $\geq 35$  ára
- Skima fyrir sykursýki hjá þeim sem eru  $\geq 40$  ára með HbA1c mælingu fyrir 16 vikur
- Meta þörf á fyrirbyggjandi hjartamagnýli hjá þeim sem eru  $\geq 40$  ára
- Meta þörf á vaxtarmati með ómskoðun hjá þeim sem eru  $\geq 40$  ára
- Íhuga viðtal við fæðingalækni á fyrri hluta meðgöngu ef aðrir áhættuþættir eru til staðar en aldur konu.
- Mælt er með að bjóða konum  $\geq 40$  ára framköllun fæðingar við 40 vikur.